

En um leið og hugurinn lyftist upp frá hversdagsstritinu og baráttunni gerir samhygðin vart við sig; þá verður hluttekningin meiri á allan hátt. Vér þarfum ekki annað en að sjá eitthvað óvanalegt bera að höndum til að sannfærast um það.

Um jólín leggja flestir hversdagsstörfin, og að einhverju leyti líka hversdagshugsunarháttinn til síðu. Menn hafa þá stundarhlé til að lyfta huga og hjarta upp yfir hið algenga og vanalega, og njóta lífsins með öðrum í nýrri mynd. Með öðrum orðum: jólín auka samhygðina; lífið verður alt í einu bjartara og gleðiríkara vegna þess að hugurinn beinist út á við, til þeirra, sem með eru á lífsleiðinni.—Þess vegna fagna menn komu jólanna.

Enginn maður, sem sögur fara af hefir kent mönnum samhygð og kærleik eins og Jesús. Á hjátrúarfullri og illa upplýstri öld gerðu menn hann að guði, sem átti að hafa dáið fórnardauða fyrir syndir heimsins. Síðan færði kyrkjan hátið, sem afar lengi var búin að eiga sér stað yfir á ímyndaðan fæðingardag hans, og upp frá því var hún látin heita fæðingaráhátið hins krossfesta Krists, sem með dauða sínum átti að hafa frelsað mennina.

Kristur kyrkjunnar er ein af þeim hugmyndum mannanna sem vara á meðan skilyrði þeirra eru fyrir hendi og hverfa síðan. Á bak yið hugmyndirnar er hinn hugsandi maður. Það sem varir er viðleitnin og vaxandi möguleikar til að hugsa sannari og göfugri hugsanir, en hver hugsun út af fyrir sig er eðlilega breytingum háð.

En eitt er það sem deyr aldrei, hið lifandi eftirdæmi, sem sem hinir beztu og sönnustu menn skilja eftir í heiminum. Það líf, sem að maðurinu Jesús, er var fæddur og uppalin í Nazaret á Gyðingalandi, óþektur mestan hluta æfi sinnar, lifði hefir enn í dag gildi fyrir oss, vegna þess að það var líf fult af kærleik og samhygð til mannanna.

Höldum þá jólahátíðina til minningar um, ekki einu mann, heldur um alla þá sem hafa reynt að efla kærleika, frið og sam-